


LAXVEIÐIN 1986

Guðni Guðbergsson
og
Einar Hannesson



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRA HLEMMI
PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK
SÍMI 91-621811

VMST-R/87014

Niðurstöður

Heildarlaxveiðin á Íslandi árið 1986 var 91.208 laxar. Veiddust 46.671 á stöng, 20.437 í net og 24.100 komu úr hafbeit.

Skráð stangveiði 1986 var 44.964 laxar og að viðbætti áætlaðri veiði var stangveiðin 46.671 laxar (tafla 1). Hvað landshluta varðar var veiðin á Vesturlandi mest, en minnst á Vestfjörðum. Hlutfall smálax/stórlax var hæst á Reykjanesi (suð-vesturlandi) en lægst á Norðurlandi eystra. Skiptingin milli smálax og stórlax er gerð við 7 pund hjá hængum en 8 pund hjá hrygnum, sem gefur skiptinguna í grófum dráttum. Heildarstangveiðin var 332.979 pund eða 165.788 kg. Heildarveiði valinna áa (tafla 2) sýnir að það er Laxá í Aðaldal sem hafði mesta veiði 2.730 laxa, og þar sem hlutfall smálax/stórlax er einnig lægst þar gaf hún mestan afla í kílóum talið. Heildar netaveiðin var 20.437 laxar sem vógu 65.373 kg (tafla 3). Mest var netaveiðin á Vesturlandi. Framleiðsla hafbeitarstöðva árið 1986 var um 65.000 kg (Árni Helgason 1986) og var framleiðslan mest á Reykjanesi 54.000 kg (tafla 4). Ætla má að fjöldi laxa úr hafbeit hafi verið um 24.100 laxar. Samanlagður afli stangveiði og netaveiði var um 231 tonn, og að viðbætti hafbeit 296 tonn.

Laxveiði síðustu 11 ára er sýnd í töflu 5 og á mynd 1 ásamt meðalveiði, bæði heildarveiði og sundurliðun eftir veiðiaðferð þ.e. stangveiði, netaveiði, og hafbeit. Á myndinni sést að fylgni er milli netaveiði og stangveiði og er sú fylgni marktæk. ($r = 0.83$; $p < 0.01$).

Umræður og ályktanir

Laxveiði 1986 jókst enn eftir aukningu 1985 og er nú yfir meðalveiði áráanna 1976 - 1986. Einkennandi fyrir veiðina er að fjöldi smálaxa jókst frá árinu 1985 en einnig var aukning í veiði á stórlaxi. Sýnt hefur verið fram á fylgni milli veiði á smálaxi og stórlaxi árið eftir (Jón Kristjánsson 1982 ; Scarnecchia 1984). Út frá þeirri vitneskju má búast við að almennt verði meiri veiði 1987 en var 1986 a.m.k. á stórlaxi, en það ætti einnig að þýða aukningu á heildarveiði þó svo veiði

Inngangur

Upplýsingar um laxveiðina sumarið 1986 liggja nú að mestu leiti fyrir. Almennt má segja að skýrslugerð og skýrsluskil hafi verið góð. Þó má enn bæta, einkum þyrftu veiðibækurnar að berast fyrr til Veiðimálastofnunar og myndi það flýta fyrir úrvinnslu.

Veiðiskýrslugerð hér á landi er með því besta sem gerist og þarf að viðhalda henni svo sem kostur er. Aðalástæða góðrar skýrslusöfnunar er hin góða samvinna sem verið hefur milli Veiðimálastofnunar, veiðiréttareigenda og síðast en ekki síst veiðimanna. Góðar veiðiskýrslur eru ein af undirstöðum fiskræktar í landinu.

Aðferðir

Líkt og verið hefur undanfarin ár sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir stangveiði í byrjun veiðitímabilsins.

Veiðibókunum var síðan safnað saman að afloknu veiðitímabilinu. Úr veiðibókunum voru skráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd og veiðarfæri. Heildarfjöldi fiska var talinn saman ásamt samlagningu annarra mældra þátta.

Frá þeim stöðum sem ekki tókst að fá upplýsingar um veiði var hún áætluð eftir munnlegum upplýsingum og eða hlutfalli afla fyrri ára. Áætlanir voru eingöngu gerðar fyrir minni ár enda komu skýrslur úr öllum stærri veiðánum. Á sama hátt var upplýsingum um netaveiði og hafbeit safnað. Heildarafli stangveiði, netaveiði, og hafbeit er tekinn saman og honum skipt eftir landshlutum. Einnig er tekinn saman listi yfir valdar veiðiár sem ekki hafa áætlaða veiði. Heildarveiði síðustu 11 ára er tekin saman í línurit ásamt skiptingu milli stangveiði, netaveiði og hafbeitar.

Fylgni milli afla í stangveiði og netaveiði var reiknuð með regression (Sokal og Rohlf 1981).

í einstöku ám geti dregist saman. Þar sem stórlaxinn gengur fyrr í árnar og er þar af leiðandi lengur í veiði en smálaxinn er þyngdaraukning einnig fyrirsjáanleg á veiðinni 1987.

Jákvæð marktæk fylgni milli netaveiði og stangveiði gefur til kynna að þegar á heildina er litið verka umhverfisáhrif ekki á veiðina nema þá þau verki eins á neta og stangveiði.

Almennt má segja að útlit sé bjart fyrir laxveiði á komandi sumri, og vonast Veiðimálastofnun enn sem fyrr eftir góðu samstarfi við veiðiréttareigendur og veiðimenn.

Heimildaskrá

Árni Helgason 1986. Framleiðsla í íslensku fiskeldi 1986.
VMST-R/86032.

Jón Kristjánsson 1982. Athugun á veiðiskýrslum úr nokkrum
Laxveiðiám NA- og A-lands 1969-1981. Ægir 75: 121-126.


Scarnecchia D.L. 1984. Forecasting yields of two-sea-winter
Atlantic Salmon (*Salmo salar*) from Icelandic rivers. Can.
J. Fish. Aquat. Sci. 41:1234-1240

Sokal, R.R. og Rohlf, F.J. 1981. Biometry, 2. Útg. Chapman and
Hall, London, 524s.

Tafla 1. Heildar fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1986, bæði fjöldi bókaðra laxa og áætlaður fjöldi, skipt eftir landshlutum, ásamt meðalþyngdum og skiptingu í smálax og stórlax. Skipting í smálax og stórlax fer eftir dvalartíma í sjó og er hængum skipt við 7 pund en hrygnum 8 pund.

	Fjöldi bókaðra	Fjöldi áætlaður	Heildarp. áætl. pd.	Meðal þyngd pd	Fjöldi 1 ár úr sjó	Fjöldi eldri smálax/stórlax	Hlutfall
Reykjanes	3.243	3.423	19.422	5.6	2.798	328	8.53 : 1
Vesturland	16.135	16.908	99.226	5.9	14.036	2.557	5.49 : 1
Vestfirðir	1.258	1.732	11.922	6.7	925	369	2.51 : 1
Norðurl.v	12.522	12.537	99.379	7.6	7.640	4.776	1.60 : 1
Norðurl.e	6.048	6.073	54.152	8.8	3.026	2.918	1.04 : 1
Austurland	3.447	3.547	29.207	7.5	1.970	1.451	1.36 : 1
Suðurland	2.311	2.451	19.671	6.9	374	122	3.07 : 1
Samtals:	44.964	46.671	332.979	7.0	30.769	12.521	

Heildarþungi samtals 166490 kg.



Mynd 1. Laxveiði á Íslandi 1976-1986, skipt eftir veiðiaðferðum.

- ★~★ Stangveiði og netaveiði samanlagt.
- Stangveiði
- ☆~☆ Netaveiði
-● Hafbeitt

Tafla 2. Laxveiði valinna laxveiðiáa 1976-1986.

Nafn	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	meðal veiði
Elliðaár	1692	1328	1383	1336	938	1074	1219	1508	1331	1157	1083	1277
Úlfarsá (Korpa)	406	361	327	215	110	166	158	450	225	303	376	282
Leirvogsa	544	474	463	386	136	213	322	514	320	438	324	376
Laxá í Kjós	1973	1677	1648	1508	950	1290	927	1545	1273	871	1043	1337
Bugða	410	263	136	125	212	260	232	450	461	283	201	276
Meðalfellsvatn	78		50	67	72	88	90	200	120			96
Brynjudalsá	185	173	98			24	120	177	68	29	44	102
Laxá í Leirársveit	1288	1154	1252	899	707	670	545	708	742	860	1610	949
Andakilsá	262	187	237	138	69	104	89	108	106	101	145	141
Hvítá	388	401	788	573	555	364	348	213	326	597	469	457
Grímsá og Tungvá	1439	1103	1952	1527	869	845	717	1382	1061	1463	1836	1290
Flókadalsá	432	263	547	377	266	181	234	281	303	351	384	329
Reykjadalsá	185	112	120	105	56	80	100	91	58	42	69	93
Þverá	2330	2368	3132	3558	1938	1245	1616	1901	1082	1550	2127	2077
Norðurá	1675	1470	2089	1995	1583	1185	1455	1643	856	1121	1523	1509
Gjúfurá	356	400	461	286	130	101	184	225	110	138	280	243
Langá	1568	1720	2405	1893	1049	735	1090	960	610	1155	1765	1359
Urriðaa		84	112	202	102	65	151	162	142	103	55	118
Aiftá	204	300	386	255	265	267	396	485	268	333	399	323
Hítará	351	346	649	314	167	252	202	201	151	203	506	304
Haffjarðará	595	624	950	701	494	465	562	625	549	562	1131	660
Straumfjarðará	433	466	648	391	320	437	350	360	215	327	378	393
Vatnsholtstöð og vötn			290	325	112	175	140	171	135	200	143	188
Fróða	199	254	225	234	130	94	75	100			58	152
Grisholtslá og Bakká	75	70	125	61	24	48	37	64	60	27	38	57
Setbergsá			244	167	81	192	170	173	147	215	233	180
Valshamarsá		10	18	14		33			40	15		22
Laxá á Skógarströnd	114	190	179	177	109	183	121	201	189	277	218	178
Dunká		83	76	142	58	138	85	129	52	135	124	102
Skrauma		22	23	18	10			32	16	16	23	20
Höröudalsá	55	51			51	55	27	87	50	79	43	55
Miðá í Dölum	121	146	135	203	85	182	132	161	128	46	101	131
Haukadalsá	904	862	926	630	408	814	598	886	633	499	817	725
Laxá í Dölum	488	419	533	630	324	671	650	947	903	1600	1907	825
Fáskrúð	136	242	226	261	140	190	154	214	165	257	449	221
Laxá í Hvammssveit							32	84	39	24		45
Kjallkasstaðaá (Flekkudalsá)	343	342	467	509	293	255	237	249	189	133	244	296
Krossá á Skaróströnd	109	81	106	156	115	157	126	203	93	27	117	117
Búðardalsá			100	120	131	71	54	71	32	51	55	76
Hvolsá og Staðarhólsá	185	163	180	90	18	140	111	100	144	137	323	145
Fjarðarhornsa		8	0	38	8	18	34	60	31		29	28
Laugardalsá í Isafj.djúpi	245	681	703	596	276	288	250	181	125	421	386	377
Isafjarðará		52	29	25	12	12	9		5	6	14	18
Langadalsá	170	189	203	277	206	111	101	98	31	54	112	141
Hvannadalsá	56		120	101	47	30	45	27	24	71		58
Selá í Steingrímsfirði		27	17	17	23	6	7	0	7	44	22	15
Staðará í Steingrímsf.	108	124	101	95	72	46	41	26	25	28	64	66
Víðidalsá í Steingrímsf.	54	61	93	104	98	34	54	12	16		56	53
Hrófá		22	56	37	48	41	29	14	21	54	62	35
Krossá í Bitru		49	140	125	151	153	109	90	41	109	180	104
Víkurá	92	68	121	219	125	174	61	75	45	70	100	105
Bakká		66	93	105	21	40		57	39	85	115	56

Nafn	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	meðal veiði
Laxá í Hrútafirði	18	23	17	39	43	61	45	126	165	133	98	70
Hrútafjarðará og Síká	228	262	346	312	253	288	220	287	195	345	536	297
Miðfjarðará	1601	2581	2337	2132	1714	1213	926	882	583	1059	1719	1522
Tjarnará á Vatnesi	34		112	82	53	56	36	53	23	55	25	48
Viðidalsá og Fitjá	1238	1792	1851	1948	1423	1392	1132	1082	625	713	1541	1340
Vatnsdalsá	571	1203	1466	1413	1033	985	721	879	699	856	1582	1037
Laxá á Asum	1270	1439	1854	1650	956	1413	1036	1050	625	1440	1857	1326
Blanda	1485	1367	2147	906	778	1412	861	511	495	766	1814	1140
Svartá	96	46	295	469	444	125	73	147	132	330	391	232
Laxá Ytri	41	71	94	146	153	71	39	57	70	111	144	91
Hallá		171	185	197	138	96	57	111	86	109	55	121
Fossá í Skefilsst.hr		34	62	98	94	26	14	25	8	22	32	42
Laxá í Skefilst.hr	73	140	200	220	245	161	113	93	74	134	138	145
Sæmundará	160	212	303	112	70	52	29	75		139	94	125
Húseyjarkvísl	141	158	194	84	107	52	54	90	77	105	104	106
Hofsá í Vesturdal		15		12	16	10	23					15
Kolka				12	12	11	7			24		13
Hrölleifsdalsá	28	41	41	65	17	4	4	7	4	25	15	23
Flókadalsá í Fljótum			71	40	22	54	2	10		22	68	36
Fljótaá	173	269	316	199	165	125	71	60	68	83	150	153
Eyjafjarðará				27	71	21	14	7	11	11	13	22
Fnióská	250	273	554	446	527	257	323	98	107	120	144	282
Skjálfandafliót	412	288	336	317	426	108	169	100	165	679	721	338
Laxá í Aðaldal	1777	2699	3063	2372	2324	1455	1304	1109	1256	1911	2730	2000
Reykjadalsá og Eyvindarl.	133	593	657	492	321	271	114	210	155	344	373	333
Myrarkvísl	121	181	221	197	169	242	179	248	215	388	490	241
Ormarsá á Sléttu	147	275	286	119	124	54	45	87	73	203	350	160
Deildará	168	224	357	164	111	93	27	55	69	234	253	160
Svalbarðsá	155	240	257	158	167	51	36	41	29	161	171	133
Sandá	315	474	418	411	380	138	53	47	35	257	340	261
Hölkna	92	219	130	66	73	26	26	25	11	109	121	82
Hafralónsá	227	312	276	264	180	36	60	52	25	132	223	162
Miðfjarðará við Bakkafj.	183	248	242	135	80	39	15	39	32	116	168	118
Selá í Vopnafirði	845	1463	1394	767	637	192	168	229	123	627	1258	700
Vesturdalsá	326	513	498	268	141	42	34	61	47	280	197	219
Hofsá	1253	1273	1336	599	615	145	141	258	185	1219	1631	787
Selfliót		77	32	19	7		6	15	16	65	70	34
Fjarðará í Borgarf.eystri		44	27	13	5	1						18
Breiðdalsá	76	248	412	248	153	41	20	21	4	78	158	133
Geirlandsá í V-Skaft.	59	99	91	88	65	59	42	51	46	49	26	61
Eldvatn	13	43	33	45	12	17	11	17	3	9	11	19
Tungufliót	14	34	43	74	46	16	20	36	28	23	36	34
Kerlingadalsá og Vatnsá			28	33	16	57	48	90	49	47		46
Rangárnar	95	46	82	98	65	80	65	22	10	17	76	60
Stóralaxá í Hreppum	293	266	571	272	76	242	218	481	707	183	166	316
Brúará	57	49	64	49	19	57	32	63	92	48	58	53
Sogið	589	537	620	439	223	329	343	248	361	424	497	419
Hvítá í Arnessýslu	1159		1169	1028	299	762	634	846	941	550	990	838
Ölfusá	549		825	503	6	102	368	237	381	254	405	363
Kálfá í Gnúpverjær.	69	42	4	4	8	10			19		11	21
Vatnasv. Baugsstaðaóss							59	20	20	9	14	24
HEILDAR VEIÐI	36782	40140	51279	42178	29246	27012	24633	29059	22946	31685	43845	34900

Tafla 3. Heildarfjöldi laxa veidda í net á Íslandi 1986, skipt eftir landshlutum.

	Fjöldi veiddra laxa	þyngd pd	þyngd kg
Vesturland	11.508	70.828	35.414
Vestfirðir	30	200	100
Norðurl. vestra	484	4.628	2.314
Norðurl. eystra	315	1.985	992
Austurland	440	2.472	1.236
Suðurland	7.661	50.634	25.317
Samtals	20.483	130.747	65.373

Tafla 4. Heildarframleiðsla hafbeitarstöðva á Íslandi 1986 (tölurnar eru frá Árna Helgasyni 1986).

	Framleiðsla hafbeitarstöðva (kg)	Fjöldi laxa úr hafbeit
Reykjanes	54.000	20.000
Vesturland	6.500	2.400
Vestfirðir	500	200
Norðurl. eystra	4.000	1.500
Samtals	65.000	24.100

Tafla 5. Laxveiði á Íslandi 1976 - 1986 .

Ár	Fjöldi stangveiðdra	Fjöldi netveiðdra	Fjöldi hafbeitarlaxa	Heildar laxveiði
1976	39.249	17.13	3.247	59.633
1977	41.302	20.864	2.405	64.571
1978	52.679	25.946	1.953	80.578
1979	43.955	18.306	1.967	64.228
1980	30.007	18.992	3.138	52.137
1981	27.777	14.478	4.626	46.881
1982	24.671	11.107	5.340	41.118
1983	29.267	17.761	11.194	58.222
1984	23.582	10.912	6.595	41.089
1985	31.621	14.942	19.750	66.313
1986	46.671	20.437	24.100	91.208